

AUGLÝSING
um deiliskipulag Vaðlklifs, íbúðarbyggðar
í landi Veigastaða og Halllands, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 9. júní 2009 deiliskipulag Vaðlklifs, íbúðarsvæðis í landi Veigastaða og Halllands, Svalbarðsstrandarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 7 einbýlishúsalóðum á klapparbrúnum norðaustan Veigastaðavegar og norðvestur af íbúðarhúsinu Skálafelli. Vegtenging að svæðinu er frá Veigastaðavegi.

Í aðalskipulagi er svæðið merkt „Íb 13“ 2,8 ha að stærð, en því fylgir 1,2 ha svæði austan lækjarins sem rennur um svæðið. Heildarstærð skipulagssvæðisins er því um 4 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórnin í Svalbarðsstrandarhreppi, 19. júní 2009,

Árni K. Bjarnason.

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2009